



ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR OG EVRÓPUSAMBANDIÐ



Lágmarkskröfur Bændasamtaka Íslands í viðræðunum við Evrópusambandið



Dráttur fyrir algjöra andstöðu Bændasamtakanna við aðild að Evrópusambandinu hafa þau frá upphafi dregið sérstakar varnarlinur sem þau telja að feli í sér lágmarkskröfur í yfirstandandi samningaviðræðum við Evrópusambandið. Bændasamtökin telja mikilvægt að hagsmunir íslensks landbúnaðar verði tryggðir, komi til aðildar og að hagsmunir bændastéttarinnar verði metnir í heild með hliðsjón af byggðasjónarmiðum, neytendamálum og fæðuöryggi. Þeim árangri er að mati Bændasamtakanna aðeins hægt að ná sé varnarlinum samtakanna fylgt. Bændasamtökunum er ljóst að markmið varnarlinanna falla misvel að grunnreglum Evrópusambandsins og erfitt getur verið að ná þeim. Bændasamtökin hafa margoft áður gert skýra grein fyrir þessari afstöðu sinni.

Til þess að gæta hagsmuna íslensks landbúnaðar er það afdráttarlaus krafa Bændasamtaka Íslands að stjórnvöld leiti aðstoðar óháðra sérfræðinga utan stofnana Evrópusambandsins. Í varnarlinum samtakanna kemur fram krafa um varanlegar undanþágur frá landbúnaðarlöggjöf Evrópusambandsins. Allar varnarlinurnar varða sameiginlega hagsmuni landbúnaðar á Íslandi til

lengri tíma lítið. Það kostar verulega rannsóknarvinnu og gagnaöflun að takast á hendur þetta verkefni af fullum krafti. Stjórnvöld þurfa að tryggja pólitískan stuðning og nauðsynlegar fjárveitingar til þeirrar vinnu.

Varanlegar undanþágur þýða að mati Bændasamtakanna að viðeigandi ákvæði í aðildarsamningnum gangi fram

ákvæðum samningsins um starfsemi Evrópusambandsins og gerðum settum samkvæmt honum. Tímabundnar undanþágur nægja ekki að mati Bændasamtakanna til þess að tryggja framfarhagsmuni íslensks landbúnaðar. Enn síður munu óljósar eða lítt skuldbindandi yfirlýsingar samningsaðila nægja í þessu sambandi ef þær eru ekki hluti af aðildarsamningnum sjálfum.

Hér á eftir verða varnarlinur Bændasamtakanna settar fram í sjö efnisliðum. Þar er gerð nánari grein fyrir þeim, þær rökstuddar og settar fram lágmarkskröfur. Sumar varnarlinurnar kunna að skarast. Bændasamtökin lita engu að síður svo á að allir sjö liðirnir séu í fullu gildi og ófrávikjanlegir í samningaviðræðunum.

Varnarlinur Bændasamtaka Íslands

| | | | | | | |
|---|--|---|---|---|--|---|
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
| Réttur Íslands til að vernda heilsu manna, dýra og plantna | Frelsi til að styrkja landbúnað og innlendan úrvinnsluina | Heimild til að leggja tolla á búvörur frá löndum ESB | Réttur til að tryggja félagslega stöðu og afkomu bænda | Að Ísland verði skilgreint sem eitt svæði með hliðsjón af landbúnaði | Réttur til sjálfbærrar nýtingar hlunninda og eðlilegra varna gegn rándýrum og meindýrum | Eignarréttarlegri stöðu bænda og landeigenda verði ekki raskað og aðgengi að góðu ræktunarlandi tryggt |

1

Réttur Íslands til að vernda heilsu manna, dýra og plantna

Varnarlinan felur í sér að með samþykkt Alþingis á lögum nr. 143/2009 um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða, hafi matvælalöggjöf ESB verið innleidd hér á landi með fullnægjandi hætti. Þetta felur einnig í sér að þær undanþágur sem Ísland hefur frá matvælalöggjöf ESB, á grundvelli EES-samningsins, verði hluti af aðildarsamningi. Varnarlinan felur einnig í sér að Ísland hafi heimild til að banna áfram innflutning á ákveðnum tegundum gróðurhúsaplantna, skógarplantna og villtra plantna.

Heilsa manna og dýra

Á undanförunum mánuðum og nú síðast á rýnifundum hefur oftsinnis komið fram að undanþágur, sem Ísland hefur samkvæmt EES-samningnum, þurfi að ræða sérstaklega í komandi samningaviðræðum og þær séu ekki fordæmisgefandi. Hér þarf því að byggja samningsafstöðu frá grunn. Gera þarf greinargerð um lagalega möguleika til að viðhalda sambærilegum ákvæðum og EES-samningurinn veitir. Samhliða þarf að byggja upp vísindalega röksemdafærslu fyrir þessum undanþágum, t.d. með vísan til þess að bæði WTO og ESB viðurkenna að innflutningsland megi hamla viðskiptum ef hætta er á að heilbrigðisástand versni.

Verður nú gerð nánari grein fyrir þeim undanþágum sem Bændasamtökin telja nauðsynlegt að ná fram í samningaviðræðunum við ESB, sbr. stafliði A.–D.

A. Ísland er aðili að WTO en undir stofnunina fellur mikilvægur samningur um dýra- og plöntuheilbrigði (e. Sanitary and Phytosanitary Agreement, 1995). Í samningnum er fjallað um mikilvæga meginreglu sem aðildarlöndin hafa heimild til að nota, til þess að verjast því að með innflutningi berist sjúkdómsvaldandi örverur sem

gætu ógnað heilbrigði dýra, manna og plantna. Samkvæmt meginreglunni mega aðildarlöndin banna innflutning á dýrum, dýraafurðum eða plöntum ef þau geta fært sönnur á að það sé nauðsynlegt til þess að verja slíkt heilbrigði. ESB er einnig aðili að WTO og viðurkennir þannig að regluna megi nota til þess að verjast því að sjúkdómsvaldandi örverur berist til aðildarlöndanna þess frá þriðju löndum. Það er krafa Bændasamtakanna að réttur Íslands til að takmarka innflutning frá ESB-löndum á þessum forsendum verði viðurkenndur í aðildarsamningi vegna sérstöðu landsins, einkum með tilliti til þess hversu viðkvæmir héraendur búfjárstofnar eru fyrir utanaðkomandi smitefni sem bústofnar á meginlandi Evrópu kunna að vera ónæmir fyrir. Til stuðnings þessari kröfu má benda á að ESB hefur þegar fallist á sérstöðu Íslands í þessu samhengi með EES-samningnum, með því að samþykkja undanþágur af þessu tagi og þar með að þær séu reistar á málefnalegum grundvelli. Kröfur Íslands gagnvart WTO í þessu efni er að finna í bréfi sendiherra Íslands gagnvart GATT, dags. 18. nóvember 1993.

Í 3. mgr. 8. gr. meginmáls EES-samningsins er að finna upptalningu á því hvaða vöruflokkar falla utan gildissviðs

samningsins um frjáls vöruviðskipti en samningurinn gildir um flestar tegundir unninna landbúnaðarvara. Af upptalningu 3. mgr. 8. gr. samningsins leiðir að ýmsar landbúnaðarvörur falla alfarið utan samningsins. Ákvæði 18. gr. meginmáls EES-samningsins tekur til landbúnaðarvara sem falla utan gildissviðs 8. gr. í 18. gr. er vísað til 13. gr. og sagt að hún skuli gilda. Ákvæði 13. gr. hljóðar svo:

Ákvæði 11. og 12. gr. koma ekki í veg fyrir að leggja megi á innflutning, útflutning eða umflutning vara, bönn eða höft sem réttlætast af almennu siðferði, allsherjarreglu, almannaöryggi, vernd lífs og heilsu manna eða dýra eða gróðurvernd, vernd þjóðarverðmæta, er hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, eða vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar og viðskipta. Slík bönn eða höft mega þó ekki leiða til gerræðislegrar mismununar eða til þess að duldar hömlur séu lagðar á viðskipti milli samningsaðila.

Í kafla 11.1 í ritinu Landbúnaðarlöggjöf ESB og Evrópska efnahagsvæðisins segir: „Skírskotunin til 13. gr. í 18. gr. EES-samningsins þýðir því með öðrum orðum að EES-samningurinn hefur

1 *að geyma sérstakan öryggisventil varðandi þær afurðir sem þarna falla undir heilbrigði dýra og plantna sem samningurinn um starfsemi Evrópusambandsins hefur sennilega ekki að geyma í sama mæli.“*

Ísland er eyja fjarri öðrum löndum, þar sem landlægir smitsjúkdómar í búfé eru miklu færri en á meginlöndunum. Bústofnar okkar, sem komu hingað á landnámsöld, hafa lítið blandast öðrum stofnum síðan og eru mjög viðkvæmir fyrir innfluttum smitsjúkdómum, enda ekkert ónæmi til staðar gegn sjúkdómum sem íslenskt búfé hefur ekki haft kynni af.

Reglur ESB um meðferð matvæla og heilbrigði dýra eru settar til að tryggja frjálst flæði landbúnaðarafurða og lifandi búfjár frá einu landi til annars innan sambandsins. Verði sóttvarnareglur, eða aðrar reglur, ætlaðar til að tryggja hollustu matvæla í vegi fyrir hinum frjálsa markaði, hafa þær hingað til verið látnar vikja.*

Bændasamtökin telja, með vísan til framangreinds, nauðsynlegt að áfram verði heimilt að starfrækja þetta eftirlitskerfi og gera hliðstæðar kröfur til innfluttra afurða og gerðar eru til afurða sem framleiddar eru hér á landi.

B. Ísland hefur þrjár mikilvægar undanþágur frá reglugerð ESB nr. 999/2001, svokallaðri riðureglugerð, sem fellur undir ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar, nr. 133/2007 og kemur til innleiðingar frá og með 1. nóvember 2011. Heimilt er að nota fiskimjöl áfram sem fóður fyrir jörturdýr, vegna þess að fiskimjöl er mikilvægur próteingjafi fyrir jörturdýr á Íslandi og hefur verið það um langt skeið. Engin vísindaleg rök styðja bann við notkun á innlendu fiskimjöli sem fódri fyrir jörturdýr og kostnaðarsamt yrði fyrir íslenska bændur að skipta um próteingjafa. Ísland hefur heimild til að banna innflutning á beina-, blóð- og kjötmjöli og afurðum sem innihalda slík efni. Með því er verið að styrkja varnir gegn dýrasjúkdómum og sjúkdómum í mönnum, sem gætu borist með ofangreindum afurðum svo sem kúariðu.

Ísland hefur sérstaka undanþágu frá riðureglugerðinni varðandi ræktun á sauðfé sem talið er hafa arfbera fyrir þoli gegn riðuveiki. Innleiða verður þó reglur um sölu á liflömbum sem eru með VRQ arfgerð (sem talin er næm fyrir riðusmiti).

Gerð er ítarlegri grein fyrir ofangreindum undanþágum í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2007 frá 27. október 2007.

C. Með lögum nr. 143/2009 samþykkti Alþingi lagabreytingar vegna upptöku sex ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem fólu í sér breytingar á viðaukum og bókunum við EES-samninginn. Efnislega var um að ræða endurskoðun á undanþágu Íslands frá I. kafla í I. viðauka við EES-samninginn og töku löggjafar ESB um matvæli og fóður inn í EES-samninginn. Um var að ræða ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 133-138. Lögin sem Alþingi samþykkti eru í samræmi við efnisákvæði þessara ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar að öðru leyti

en því að bann við innflutningi á hráu kjöti og hráum eggjum skv. 10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, helst og er ekki afnumið. Sama á við um ósótthreinsuð hrá skinn og húðir, alidýraáburð og rotmassa sem er blandaður alidýraáburði en innflutningur á framantöldu er óheimill.

D. Gerð er skýlaus krafa um varanlegar undanþágur sem varða innflutning lifandi dýra og dýraheilbrigði. Frjáls innflutningur dýra mun leiða til fjölgunar tilfella dýrasjúkdóma, sem munu kosta ríkið og dýraeigendur mikla fjármuni og einnig mun t.d. útflutningur hrossa, sem byggist að miklu leyti á heilbrigði þeirra, geta beðið hnekki. Með frjálsum innflutningi dýra verður hreinræktun íslenskra búfjárstofna einnig sett í voða, en þessir stofnar eru erfðaauðlind sem Ísland er skuldbundið til að varðveita. Bændasamtök Íslands leggja áherslu á að ekki verði hróflað frekar við fyrrgreindum lögum og undanþágum, verði samið um aðild Íslands að ESB, þ.e. að samið verði um varanlegar undanþágur varðandi öll þau atriði sem nánar eru rædd undir staflíðum A–D.

Eyrnamörk og

sauðfjárveikivarnarlínur

Bændasamtökin leggja áherslu á að eyrnamörk sauðfjár verði viðurkennd sem fullgilt rekjanleikakerfi til hjarðar. Eyrnamörkin eru hluti af fornu afréttarkerfi þar sem algilt er að fé margra eiganda gengur saman á sumarbeit. Þau eru til mikils hagræðis við sundurdrátt og auka mjög öryggi rekjanleika til hjarðar. Að sumu leyti eru þau sambærileg við tattóveringu í löndum ESB. Þessi eyrnamörk eru einnig til þess fallin að draga úr hættu á útbreiðslu smitsjúkdóma, s.s. riðu. Engin efnisleg rök hafa verið færð fyrir því að þetta kerfi sé ekki fullnægjandi.

Einnig er lögð áhersla á viðurkenningu á sauðfjárveikivarnarlínum sem eiga að sporna við útbreiðslu búfjársjúkdóma. Þær koma í veg fyrir frjálsa flutninga búfjár innanlands, sérstaklega sauðfjár og geitfjár og eftir atvikum nautgripa. Línurnar hafa skipt miklu máli. Ísland er eina landið í heiminum sem hefur útrýmt mæðiveiki, bæði votamæði og þurramæði. Nú er verið að vinna að útrýmingu riðuveiki í sauðfé, sem hvergi hefur tekist, en það er raunhæft að það takist, einmitt vegna þess kerfis sem hér er í gildi um eyrnamörk og sauðfjárveikivarnarlínur.

Samkvæmt framansögðu gera Bændasamtökin þá kröfu að varanlegrar undanþágu verði aflað í samningaviðræðunum við ESB sem tryggir heimildir til að starfrækja merkjakerfi og sauðfjárveikivarnarlínur í samræmi við framanritað.

Varðveisla búfjárkynja

Íslensku búfjárkynin eru einstök og ber að varðveita þau sem framleiðslukyn og erfðaauðlind samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum, sbr. samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika (e. Convention on Biological Diversity, 1992). Samkvæmt samningnum er Ísland skuldbundið til þess að vernda og viðhalda erfðaauðlindum, bæði í villtum og ræktuðum tegundum. Þá er í gildi reglugerð nr. 151/2005 um varðveislu og nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði en hún er sett með skírskotun í framangreindan samning.

Tryggja verður áfram réttindi til sjálfsákvörðunar um verndun allra landnámskynja búfjár, þ.e. innlendra stofna hrossa, mjólkurkúa, sauðfjár, geitfjár og landnámsshænsna til þess að koma í veg fyrir eyðingu verðmæts erfðaefnis með mikla líffræðilega fjölbreytni, enda hefur Ísland skuldbundið sig til þess. Hins vegar skortir löggjöf um hreinræktun og ættbók íslensks búfjár utan reglugerðar nr. 948/2002 um uppruna og ræktun íslenska hestsins, með síðari breytingum. Æskilegt er að úr þessu verði bætt til þess að styrkja samningsstöðu Íslands á þessu sviði.

Það er ljóst að ógnir geta stafað af samkeppni við innflutt búfjárkyn og -tegundir og að íblöndun getur gert skaða og sömuleiðis sjúkdómar sem kunna að berast með innfluttu búfé. Þessum líffræðilega fjölbreytileika, sem Ísland hefur skuldbundið sig til þess að viðhalda, er stefnt í hættu verði innflutningur búfjár til Íslands frá ESB heimilaður. Þá er það eitt af sérkennum íslensks landbúnaðar að okkar „gömlu“ búfjárkyn eru ríkjandi í hefðbundnum búskap og atvinnusköpun. Nýting þeirra sem framleiðslukynja er undirstaða þess að þau verði varðveitt sem erfðaauðlind.

Að mati Bændasamtakanna er nauðsynlegt að:

— Stjórnvöld fái ráðgjafa, óháða stofnunum ESB, til að greina grundvöll kröfugerðar á þessu sviði.

— Setja löggjöf um ættbók og hreinræktun íslensku búfjárkynjanna þar sem hana skortir.

— Setja skýr markmið um varðveislu íslensku búfjárkynjanna.

— Sýna fram á einstaka heilbrigðisstöðu íslensku búfjárkynjanna og hve viðkvæm þau eru fyrir óþekktum sjúkdómum vegna aldalangrar einangrunar.

Samkvæmt þessu gera Bændasamtökin þá kröfu að í samningaviðræðunum við ESB verði aflað varanlegrar undanþágu sem tryggir verndun allra landnámskynja búfjár, þ.e. innlendra stofna hrossa, mjólkurkúa, sauðfjár, geitfjár og landnámsshænsna í samræmi við framanritað.

Plöntuheilbrigði

Það er nauðsynlegt að Ísland hafi heimild til takmörkunar á innflutningi ákveðinna plantna sem eru viðkvæmar fyrir bæði algengum og nýjum erlendum sjúkdómum. Heimilt verði að banna áfram innflutning á eftirtöldum tegundum sem ræktaðar eru í gróðurhúsum, sbr. reglugerð nr. 189/1990 um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum, með síðari breytingum: Gúrku-, papriku-, tómát- og salatplöntur með rót. Undanskilið er salat með rót, sem ekki er ætlað til útplöntunar heldur er tilbúið til neyslu.

Tilgangur með banni af þessu tagi er að forðast að til landsins berist sjúkdómar og meindýr sem ekki eru til staðar á Íslandi. Slíkt gæti leitt til þess að grípa yrði til varnarefna, sem ekki eru í notkun hér á landi, sem óhjákvæmilega myndu raska jafnvægi lífrænna varna og draga úr hreinleikaímynd íslenskrar garðyrkju.

Þá er nauðsynlegt að áfram verði heimilt að banna innflutning á

villtum plöntum sem safnað hefur verið á víðavangi og eftirtöldum tegundum skógarplantna: Álmi (Ulmus sp.), birki (Betula spp.), lerki (Larix sp.), víði (Salix spp.), ösp (Populus spp.), furu (Pinus sp.), greni (Picea sp.) og öðrum barrtrjám (Coniferae) frá löndum utan Evrópu.

Rökin fyrir þessu innflutningsbanni eru þau að enn eru margir skaðvaldar sem hafa almenna útbreiðslu í viðskiptalöndum okkar en hafa ekki enn borist hingað. Það skýrist af landfræðilegri einangrun landsins og hlutfallslega ungri ræktun á mörgum innfluttum tegundum af skógarplöntum. Sá möguleiki er einnig fyrir hendi að skaðvaldar sem eru útbreiddir í löndum ESB og ekki taldir hættulegir þar, lúti þar af leiðandi ekki eftirliti. Hér á landi gætu þeir hins vegar reynst hættulegir, m.a. vegna uppruna kvæma sem hér eru í ræktun og hafa þar með hugsanlega minni mótstöðu gegn þeim þar sem þau eru ekki við kjöraðstæður sínar hér. Náttúrulegir óvinir þessara skaðvalda, sem er að finna í öðrum heimkynnum þeirra, eru yfirleitt ekki heldur til staðar á Íslandi.

Þrátt fyrir að heilbrigðisvottorð fylgi plöntum frá útflutningslöndum liggur fyrir að hingað berast á ári hverju sjúkdómar og meindýr, sem jafnvel hafa takmarkaða útbreiðslu innan ESB. Sem dæmi má nefna veirunginn Citrus exocortis viroit sem hefur fundist í a.m.k. tveimur garðyrkjustöðvum hérlendis. Hann hefur lengi verið vandamál í næmum sístrustrjám í S-Ameríku, Ástralíu og við Miðjarðarhafið, einkum á Spáni og Kýpur. Vorið 2006 fannst einnig í fyrsta sinn á Íslandi bjallan asparglytta (Phratora vitellinae) en hún er vel þekkt meindýr á trjám af víðiætt í norðanverðri Evrópu. Það liggur því fyrir að ekkert heilbrigðisvottorð fyrir plöntur er nægilega fullkomið til þess að komið verði í veg fyrir að hingað berist sjúkdómar og meindýr sem geta valdið alvarlegum skaða í íslenskri náttúru og ræktun.

Bændasamtökin gera því skýlausa kröfu um að varanlegrar undanþágu verði aflað í samningaviðræðunum við ESB til að banna megi áfram innflutning á lifandi plöntum og að ekki verði hróflað við áður nefndri reglugerð um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum.

* Ítarlegri rökstuðningur er færður fram í varnarlínunni en textann er að finna í fullri lengd í viðauka ritsins Landbúnaðarlöggjöf Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins og á vef Bændasamtakanna, www.bondi.is

Meginniðurstöður

Í aðildarviðræðum verði tryggt með skýrum og varanlegum undanþágum að innflutningsheimildir verði ekki rýmkaðar frekar, frá því sem þær verða þegar lög nr. 143/2009 um innleiðingu á matvælalöggjöf ESB hafa öðlast gildi að fullu. Jafnframt verði heimilt að halda takmörkunum á plöntuinnflutningi óbreyttum, sbr. rgl. nr. 189/1990. Íslenskum stjórnvöldum verði ennfremur heimilt að grípa til sérstakra aðgerða til að vernda og verja innlendu búfjárkynin svo og að halda gildandi reglum um búfjármerkingar og sauðfjárveikivarnarlínur

2

Frelsi til að styrkja landbúnað og innlendan úrvinnsluiðnað

Varnarlínan felur í sér að Ísland og íslensk stjórnvöld hafi áfram fullt frelsi frá reglum og stefnu ESB til að styrkja landbúnað og innlendan úrvinnsluiðnað með fjárframlögum úr ríkissjóði. Ríkisstyrkir eru almennt bannaðir innan ESB.

Í dag eru í gildi þrír búvörusamningar auk búnaðarlagasamnings, framlaga til Héraðsskóga og fleiri smærri verkefna. Helstu framlög til verkefna á vettvangi landbúnaðar á fjárlögum árið 2011 eru eftirfarandi (í milljónum króna):

| Beingreiðslur v. mjólkurframlæislu | 4.915,0 |
|--|---------|
| Gripagreiðslur v. nautgriparæktar | 581,0 |
| Kynbótaverkefni í nautgriparækt | 146,0 |
| Annar óframleiðslutengdur stuðningur | 169,0 |
| Beingreiðslur í sauðfjárrækt | 2.228,0 |
| Gæðastýring í sauðfjárrækt | 1.165,0 |
| Svæðisbundinn stuðningur í sauðfjárrækt | 56,0 |
| Ullarnýting | 390,0 |
| Markaðsstarf og birgðahald | 364,0 |
| Nýliðun, þróunar- og átaksverkefni | 104,0 |
| Beingreiðslur í garðyrkju | 239,0 |
| Niðurgreiðslur á raforku | 213,0 |
| Þróunar- og markaðsstarf | 31,0 |
| Búnaðarlagasamningur | 398,7 |
| Bjargráðasjóður | 10,0 |
| Bændur græða landið* | 31,9 |
| Lífræn ræktun | 4,5 |
| Héraðs- og Austurlandsskógar | 117,4 |
| Suðurlandsskógar | 93,1 |
| Vesturlandsskógar | 50,5 |
| Norðurlandsskógar | 86,4 |
| Skjólskógar á Vestfjörðum | 39,8 |
| Rannsóknir í skógrækt í þágu landbúnaðar | 22,0 |
| Greiðslur vegna riðuveiki | 47,3 |

*Flutt undir Landgræðslu sjá greinargerð í fjárlagafrumvarpi 2011.

Bændasamtökin telja nauðsynlegt að samið verði um varanlegar undanþágur varðandi þau atriði sem nánar eru rædd og rökstudd í staflíðum A.–E.

A. Varnarlína þessi felur í sér að heimilt verði að beita ríkisstyrkjum í landbúnaði með sambærilegum hætti og gert var á árunum 2006–2008. Framlög til landbúnaðar samkvæmt fjárlögum hafa verið skorin niður frá og með árinu 2009 vegna efnahagsaðstæðna. Framlög til Lífeyrissjóðs bænda hafa verið aflögð. Bændasamtökin telja að taka eigi mið af stuðningi árana



Ljósmynd: Odd Stefán

Þetta er mynd af 2006–2008

2006–2008 þar sem niðurskurður síðustu tveggja ára er viðbrögð við óvenjulegu efnahagsástandi. Formaður samningahóps um landbúnað hefur enda ítrekað þessa afstöðu, t.d. á fundum samningahópsins.

Íslenskur landbúnaður er ein af undirstöðum byggðar í landinu og bændur búa yfir þekkingu á gæðum þess og möguleikum. Þar sem íslenskar aðstæður eru um margt sérstakar er þörf á heimild til að beita aðgerðum sem falla að þeim. Sameiginleg landbúnaðarstefna ESB á illa við íslenskar aðstæður ef tryggja á framleiðslu búvara og þar með byggð og atvinnu á landsbyggðinni. Tengsl landnotkunar og búskapar hér á landi eru t.d. um margt ólík því sem þekkest á meginlandi Evrópu.

Verði sameiginlega landbúnaðarstefnan innleidd lítt eða ekki breytt er líklegt að hún valdi verulega neikvæðum samfélagslegum áhrifum í dreifðari byggðum landsins.

Ekkert landsvæði innan ESB er sambærilegt við Ísland. Landið er strjálbýlt: Aðeins eru rúmlega 3 íbúar á ferkílómetra á landinu öllu og aðeins 1,1 ef miðað er við byggð utan höfuðborgarsvæðisins. Ísland yrði langstrjálbýlasta aðildarríki ESB. Landið er fámennt: Það yrði fámennasta aðildarríki ESB með 319 þúsund íbúa sem yrðu aðeins 0,06% af 500 milljónum íbúa í löndum ESB. Landið er norðlægt: Það yrði eina aðildarríki ESB sem er allt norðan 63. breiddargráðu. Það er harðbýlt: Ræktanlegt land er áætlað um 15% af heildarflatarmáli Íslands en innan ESB er allt ræktað land 40% af heildarflatarmáli. Lega Íslands leiðir það af sér að meðalhiti er lægri en annarsstaðar í Evrópu (6°C í Reykjavík árið 2010). Af því hlýtur að leiða að sérstakt tillit verður að taka til þeirra aðstæðna sem hér ríkja. Meðaltekjur eru eftir sem áður hærrí hér en í ESB og það veldur því að landið á að óbreyttu lítið innhlaup í byggðaverkefni ESB (aðgengi að 18,5% fjárveitinga miðað við núverandi reglur). Ætli stjórnvöld að tryggja fæðuöryggi landsmanna í alvöru og standa vörð um byggð í landinu, þannig að staðan verði ekki verri eftir aðild en fyrir, þá duga almennar reglur ESB ekki til.

B. Varnarlínan felur ennfremur það í sér að íslenskum stjórnvöldum verði frjálst að beita aðgerðum til eflingar búgreinum sem eiga vaxtarmöguleika og byggja á sérstöðu íslenskra landgæða, s.s. endurnýjanlegum orkugjöfum, hlunnindum, sjálfbærri nýtingu landgæða (s.s. gnægð ómengaðs

vatns og grasnytjum til heiða) og hefðum sem eiga sér ríka menningarlega skírskotun, s.s. afréttanýtingu og dúntekju.

C. Í 142. gr. aðildarsamnings Finnlands að ESB er kveðið á um heimild til norðlægs stuðnings. Heimildin er meðal annars bundin því skilyrði að stuðningurinn megi ekki leiða til aukinnar framleiðslu. Óviðunandi er annað en að búgreinar sem eiga ónýtta eða vaxandi möguleika t.d. í ljósi breytinga á framleiðsluaðstæðum vegna loftslagsbreytinga, fái svigrúm til að nýta þá. Til þess þarf að skilgreina sóknarafurðir landbúnaðar og setja skýr markmið um eflingu og vöxt þeirra. Í framhaldi af því verði sett fram samningsafstaða á þessu sviði þar sem farið verði fram á sérstakt svigrúm til að styðja við framleiðslu slíkra afurða.

Þetta er mynd af 2006–2008

D. Tryggja þarf að lífræn vottun fáiast viðurkennd að teknu tilliti til íslenskra aðstæðna. Nánar tiltekið verði leyft að nota grindagólf í fjárhúsum enda skortur á undirburði. Heimilt verði að nota fiskimjöl sem fôður og áburð, einnig í hefðbundnum búskap. Þá verði heimilt að nota frá ef hefðbundnum uppruna ef skortur er á hentugu lífrænt ræktuðu fræi miðað við norðlæga legu landsins.

E. Á grundvelli mikilla ónýttra möguleika til nýtingar landkosta þarf að auki að tryggja sérstakan forgang allra íslenskra landbúnaðarafurða sem framleiddar eru fyrir tilstuðlan gnægðar ómengaðs vatns, ræktunarlands og gjöfullar villtrar náttúru hérlendis.

Meginniðurstöður

Komi til aðildar verði tekið fullt tillit til sérstöðu landsins í aðildarsamningi, án tillits til fyrri fordæma. Svigrúm verði til þess að tryggja stöðu byggða, sem byggja á landbúnaði og úrvinnslu afurða hans, þannig að hún verði ekki verri en fyrir aðild. Þannig er lágmarkskrafa að ríkisstyrkir verði a.m.k. með sama hætti og fyrir aðild. Nægilegt og skýrt svigrúm verði til að styðja við framleiðslu skilgreindra sóknarafurða sem hafa skírskotun til íslenskra framleiðsluaðstæðna. Svigrúm verði fyrir sérstakar aðgerðir til að verja íslenska búvöruframleiðslu vegna smæðar innlenda markaðarins. Að öðru leyti er vísað til stafliða **A.–E. hér að framan.**

3

Heimild til að leggja tolla á búvörur frá löndum ESB

Varnarlínan felur í sér að íslenskum stjórnvöldum verði áfram heimilt að leggja tolla á búvörur frá löndum ESB.

Þetta er mynd af 2006–2008

Þetta er mynd af 2006–2008

ESB er tollabandalag og sambandið er einn sameiginlegur markaður. Aðildarlöndum er að meginreglu til ekki heimilt að leggja innflutningstolla á vörur sem fluttar eru milli landa innan sambandsins.

Málefni landbúnaðar falla undir starfsemi innri markaðarins og þar af leiðandi er meginreglan sú að reglur um hinn sameiginlega markað taki til landbúnaðarafurða. Þannig gildir reglan um frjáls vöruviðskipti og innlend löggjöf kemur ekki frekar við sögu nema samkvæmt framseldu valdi stofnana ESB til aðildarríkjanna. Íslenskur landbúnaður er mikilvægur hlekkur í að tryggja fæðuöryggi þjóðar sem býr langt norður í Atlantshafi fjarri meginlöndum Evrópu og Ameríku. Ísland er betur í stakk búið til þess að framleiða sínar eigin búvörur ef landið stendur utan sameiginlegrar landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins. Ástæðan er sú að íslenskum landbúnaði stendur ógn af þessari stefnu enda mun þá t.d. kúabúum fækka hér á landi og kjötframleiðsla dragast verulega saman. Ísland þarf að hafa skýra stefnu um eigin matvælaframleiðslu enda geta skyndilegar truflanir á samgöngum, mengunarslys og breytt heimsmynd stefnt fæðuöryggi þjóðarinnar í hættu.

Án tollverndar verður auðvelt fyrir jaðarframleiðslu af meginlandi Evrópu að keppa við kjarnaframleiðslu hér á landi. Í þeim tilvikum sem framleiðsluferlar eru stuttir eða geymsluþol varanna mikið er veruleg hættu á því að þessari kjarnaframleiðslu verði rutt af markaði. Hagsmunir neytenda geta þannig verið fyrir borð bornir enda hafa birgjar ekki sömu tengsl og ábyrgð gagnvart þeim og íslenskir bændur.

Í 19. gr. EES-samningsins skuldbundu samningsaðilar sig til þess að halda áfram viðleitni sinni til að auka smám saman frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarafurðir. Ísland og ESB gerðu með sér gagnkvæmt samkomulag á grundvelli þessa ákvæðis, sem tók gildi þann 1. mars 2007. Í viðaukum við samkomulagið er ítarleg upptalning á þeim tollnúmerum sem falla undir einstaka kafla þess og ýmist er kveðið á um tollalækkun, tollkvóta eða afnám tolla á tilteknum búvörum.

Samkomulagið felur m.a. í sér að tollar falla niður í viðskiptum samningslandanna með vörur sem getið er um í I. viðauka við samkomulagið. Um er að ræða t.d. hross, hreindýrakjöt í heilum og hálfum skrokkum, tómata, agúrkur og vatn. Heilbrigðisreglur koma hins vegar í veg fyrir innflutning á lifandi hestum til Íslands eins og áður. Einnig var samið um viðskipti með blóm og plöntur, þó ekki afskorin blóm né pottaplöntur undir einum metra að hæð.

ESB veitti Íslandi tollfrjálsa kvóta fyrir landbúnaðarafurðir sbr.

II. viðauka. Tollkvóti fyrir kindakjöt var aukinn í 1.850 tonn. Auk þess var samið um 380 tonna kvóta af skyri, 350 tonn af smjöri og 100 tonn af pylsum.

Ísland veitti ESB tollfrjálsa kvóta fyrir eftirtalдар landbúnaðarvörur skv. III. viðauka.

| Tollfrjálsar vörur frá ESB | Magn, tonn |
|---|------------|
| Nautgripakjöt | 100 |
| Svínakjöt | 200 |
| Alifuglakjöt | 200 |
| Rjúpur | 20 |
| Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltaðir, í saltlegi, þurrkaðir eða reyktir | 50 |
| Ostur merktur með landfræðilegri upprunamerkingu | 20 |
| Ostur, tollskrárnr. 0406 | 80 |
| Pylsur o.fl., tollskrárnr. 1601 | 50 |
| Aðrar unnar kjötvörur, tollskrárnr. 1602 | 50 |

Samkvæmt IV. viðauka voru tollar á kjöti lækkaðir um 40%. Verðtollur lækkaði úr 30% í 18% og magn tollar tilsvarandi en þeir eru misjafnir eftir tollnúmerum. Þau tollskrárnúmer sem lækkunin tók til falla undir eftirfarandi kafla í tollskrá: 0201, 0202, 0203, 0204, 0205, 0206, 0207, 0208, 0209.0000 og 0210.

Tollvernd Íslands gagnvart ESB er því þegar lægri en gagnvart þriðju ríkjum hvað varðar kjöt auk þess sem ýmsar tegundir grænmetis eru tollfrjálsar. Við þær breytingar sem gerðar voru á tollum þann 1. mars 2007 breyttist samkeppnisstaða nokkurra afurða verulega. Þessar tilslakanir á tollvernd voru hluti af viðleitni íslenskra stjórnsvalda til þess að uppfylla ákvæði 19. gr. EES-samningsins en samtök bænda mótmæltu ákvæðnum hluta þessara breytinga á sínum tíma. Þótt umfang tollfrjálsra kvóta, sbr. III. viðauka, sé ekki mikið í tonnum talið er reyndin sú að einkum um er að ræða innflutning á beinlausum vöðvum, s.s. kjúklingabringum, nauta- og svínalundum o.s.frv. Hlutdeild tollkvótanna í innanlandsmarkaði er hins vegar í raun mun meiri þar sem stærð hans er gefin upp í seldu magni með beinum. Vegna sterkrar stöðu krónunnar var fast sótt að innlendri framleiðslu með þessum breytingum. Þó staða krónunnar sé nú veik, a.m.k. tímabundið, er þessi samningur raunveruleg ógn við nokkrar mikilvægar afurðir.

Tollvernd er mikilvæg fyrir flestar búvörur. Eftirtalдар afurðir eiga mest undir þessu formi stuðnings við landbúnað. Stuðst er við útreikninga OECD við mat á áhrifum.

Heildar PSE fyrir landbúnað á Íslandi árið 2009 nam 9.217 milljónum króna samkvæmt bráðabirgðatölum. Af heildar PSE mældist markaðsstuðningur 4.405 milljónir króna. Markaðsstuðningurinn skiptist einkum á mjólkurframleiðslu,

svínakjötsframleiðslu, framleiðslu alifuglakjöts og eggjaframleiðslu. Þegar litið er á framleiðslustuðning (Producer SCT) árið 2009, sem er samskonar mæling og PSE, en fyrir einstakar búgreinar, má fá gleggri hugmynd um mikilvægi markaðsverndar fyrir viðkomandi búgrein.

Þetta er mynd af 2006–2008

Mjólk. Framleiðslustuðningur alls 7.111 m. kr. Par af voru beingreiðslur til bænda 4.544 m. kr. Markaðsvernd samkvæmt þessu telst því vera 2.567 m. kr. Framleiðslustuðningurinn var metinn ígildi 55,4% af verðmæti afurða til framleiðenda.

Svín. Framleiðslustuðningur alls 380 m. kr., engar beingreiðslur eru greiddar. Framleiðslustuðningurinn var metinn ígildi 19,3% af verðmæti afurða til framleiðenda.

Alifuglar. Framleiðslustuðningur alls 1.456 m. kr., engar beingreiðslur eru greiddar. Framleiðslustuðningurinn var metinn ígildi 66,9% af verðmæti afurða til framleiðenda.

Egg. Framleiðslustuðningur alls 271 m. kr., engar beingreiðslur eru greiddar. Framleiðslustuðningurinn var metinn ígildi 39,7% af verðmæti afurða til framleiðenda.

Sauðfjárrækt.

Framleiðslustuðningur alls 3.285 m. kr., beingreiðslur og gæða-stýringarálag voru samtals 3.168 m. kr. Framleiðslustuðningurinn var metinn ígildi 49% af verðmæti afurða til framleiðenda. Tilfærslur til framleiðenda eru fyrst og fremst í formi beingreiðslna.

Nautakjöt. Framleiðslustuðningur alls 105 m. kr. Lítils háttar gripagreiðslur eru greiddar. Framleiðslustuðningurinn var metinn ígildi 6,4% af verðmæti afurða til framleiðenda.

Aðrar ótalдар greinar teljast samtals hafa framleiðslustuðning upp á 796 m. kr. Markaðsvernd í þeim greinum er óveruleg.

Þetta er mynd af 2006–2008

Bændasamtökin telja að byggja þurfi undir lagalega kröfugerð um undanþágur fyrir íslensk stjórnvöld til þess að styðja við landbúnað með áframhaldandi tollvernd á forsendum staðháttu, hnattrænnar legu, byggðasjónarmiðs, fæðuöryggis og matvælaöryggis.

Varnarlínan undirstrikar sérstöðu lítils matvælamarkaðar sem liggur fjarri hinum sameiginlega markaði ESB. Kostnaður við flutninga sem einnig spilar saman við geymsluþol afurða veldur miklu um þessa sérstöðu. Undirboð geta valdið umfangsmiklum skaða á slíkum markaði, neytendum í óhag til lengri tíma lítið. Slík mál eru hins vegar flókin og kerfið svífaseint að bregðast við þeim.

Íslenski matvörumarkaðurinn er örmarkaður. Stærð hans má jafna við smáborg í Evrópu. Um 70% þessa markaðar eru þar að auki á afmörkuðu svæði þar sem meginmillilindahöfnin er jafnframt staðsett. Ef kemur til stórfellds innflutnings á búvörum kemur evrópsk jaðarframleiðsla til með að keppa við íslenska kjarnaframleiðslu. Afurðir með stuttan framleiðslutíma, hátt hlutfall breytilegs kostnaðar við framleiðslu og gott geymsluþol munu fyrst finna fyrir samkeppni af þessu tagi. Þetta á við um egg, blóm, kartöflur og fleiri garðyrkjuafurðir. Sama mun gilda um osta sem hafa mikið geymsluþol og hafa minna rúmmál en mjólk og aðrar fljótandi afurðir. Fyrir fjársterka aðila er auðvelt

að ryðja innlendri framleiðslu af markaði með undirboðum á erlendri jaðarframleiðslu á tiltölulega stuttum tíma. Fleiri afurðir myndu síðan fylgja í kjölfarið. Litlar líkur eru á því að sú framleiðsla sem legðist af yrði tekin upp aftur. Framleiðslutækin og þekkingin myndu glatast á skömmum tíma. Fákeppni á smásölumarkaði hérlendis eykur hættuna á að það ástand sem að ofan er lýst skapist. Ólíklegt er að samkeppnisaðstæður á smásölumarkaði breytist við aðild, einkum í ljósi þess að erlendum fyrirtækjum hefur verið frjálst að koma hingað frá því EES-samningurinn tók gildi, án þess að það hafi haft áhrif.

Innlendir framleiðendur myndu á móti eiga mjög á brattann að sækja í útflutningi. Ísland er ekki í vegasambandi við markaði í Evrópu og enginn grundvöllur er fyrir því að nota við flutning á afurðum til annarra ESB-landa, flutningsmáta sambærilegan þeim sem tíðkast á meginlandi Evrópu, t.d. með bílum bínnum kælibúnaði. Flutningskostnaður á gámi til útflutningshafnar frá afurðastöð utan Suðvesturlands er álika mikill og kostar síðan að flytja gáminn þaðan til meginlands Evrópu. Þótt landið yrði í orði kveðnu hluti af innri markaði ESB við aðild yrði raunin hins vegar önnur af augljósum landfræðilegum ástæðum. Útflutningur frá smáum afurðastöðvum alla leið til meginlands Evrópu er ekki samanburðarhæfur við innflutning til Íslands frá meginlandinu vegna þessa mikla flutningskostnaðar. Afurðastöðvar á meginlandi Evrópu eru yfirleitt margfalt stærri og sérhæfðari og samkeppnisstaða þeirra því allt önnur en íslenskra afurðastöðva.

Að öllu framangreindu virtu þarf að taka tillit til sérstöðu landsins sem örmarkaðar sem staðsettur er langt frá meginlandi Evrópu með kröfu um undanþágur fyrir íslensk stjórnvöld til þess að styðja við landbúnað með áframhaldandi tollvernd á forsendum staðhátta, hnattrænnar legu, byggðasjónarmiða, fæðuöryggis og matvælaöryggis. Í því sambandi þarf sérstaklega að huga að samkeppnisstöðu örsmárra afurða- og vinnslustöðva sem eðli málsins samkvæmt eiga takmarkaða möguleika á að hasla sér völl á stórum markaði ESB. Fara þarf fram á að reisa megi sérstaka umgjörð tolla um íslenska búvöruframleiðslu og úrvinnslu á grundvelli þessa.

Meginniðurstöður

Komi til aðildar hafi íslensk stjórnvöld áfram heimild til að leggja tolla á búvöru frá löndum ESB allt að því sem heimildir til að leggja á tolla samkvæmt skuldbindingum okkar innan WTO gefa svigrúm til. Verði breytingar á reglum WTO þannig að heimildir til álagningar tolla verði skertar þarf að bæta það með öðrum hætti. Hagsmuna íslensks landbúnaðar verði gætt í hvívetna vegna smæðar markaðarins og fjarlægðar frá hinum eiginlega innri markaði ESB.

4

Réttur til að tryggja félagslega stöðu og afkomu bænda

Varnarlínan felur í sér að tryggt verði að aðild raski ekki forsendum áætlana bænda sem hafa fjárfest á undanförnum árum í framleiðslutækjum og greiðslumarki.

Bændur hafa byggt bú sín upp í góðri trú og í samræmi við gildandi stefnu stjórnvalda í landbúnaðarmálum, sem m.a. birtist í búvörusamningum. Slíkar fjárfestingar eru í flestum tilvikum óafturkræfar (sokkinn kostnaður). Verði aðildarsamningur gerður þarf að útfæra afkomutryggingu sem tekur mið af eðlilegum afskriftartíma fjárfestinganna og aðrar aðgerðir sem koma í veg fyrir að bændur verði fyrir efnahagslegu tjóni vegna forsendubrests. Þá þarf að gefa því gaum að hugsanlegur ávinningur bænda af mögulegum vaxtalækkunum sem yrðu við aðild verður ekki að veruleika nema með endurfjármögnun langtímalána, sem gerist ekki nema á mjög löngum tíma.

Bændasamtökin gera þá kröfu að bændur hafi áfram heimild til þess að beita sér sem heildarsamtök og grundvöllur þeirra til tekjuöflunar verði tryggtur.

Greina þarf umfang þeirrar fjárfestingar bænda sem rádist var í á forsendum innlendrar landbúnaðarstefnu og byggja skýra kröfugerð á þeim grunni.

Meginniðurstöður

Komi til aðildar verði tryggt að bændum verði bætt tjón vegna fjárfestinga sem ljóst er að verði verðlitlar eða verðlausar við aðild. Samtökum bænda verði jafnframt tryggt sambærileg staða og nú.

5

Að Ísland verði skilgreint sem eitt svæði með hliðsjón af landbúnaði

Varnarlínan felur í sér að styrkir við landbúnað verði þeir sömu hvar sem er á landinu. Svæðaskipting landsins með tilliti til landbúnaðar kemur ekki til álita.

Ísland liggur allt norðan 63. breiddargráðu en norðlægur stuðningur í aðildarsamningi Finnlands og Svíþjóðar miðast við landbúnað sem stundaður er norðan 62. breiddargráðu. Finnar fengu síðar heimild til að styðja með aðlögunarstyrkjum við landbúnað sunnan 62. breiddargráðu. Reynsla Finna af skiptingu landsins með þessum hætti er sú að hún hafði slæm félagsleg áhrif innan bændastéttarinnar í landinu. Norðan 62. breiddargráðu er Finnlandi ennfreður skipt í fjögur undirsvæði. Styrkir til landbúnaðar samkvæmt 142 gr. aðildarsamnings landanna eru mismunandi milli þessara svæða á grundvelli náttúrulegra aðstæðna til búskapar, hæstir nyrst þar sem vaxtartíminn er stytur. Bændasamtök Íslands hafna öllum hugmyndum um skiptingu landsins í svæði, sem felur í sér mismiklar heimildir til að styrkja landbúnað eða einstakar búgreinar eftir landshlutum.

Íslenskir bændur hafa hingað til búið við sama starfsumhverfi óháð búsetu. Flutningskostnaði á afurðum hefur verið jafnað á framleiðendur að hluta til með verðtilfærslu á grundvelli laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og að hluta hafa afurðastöðvar tekið ákvörðun um að allir innleggjendur greiði sama flutningskostnað. Enginn munur hefur verið gerður á styrkjum samkvæmt búvörusamningum og

6

Réttur til sjálfbærrar nýtingar hlunninda og eðlilegra varna gegn rándýrum og meindýrum

Varnarlínan felur í sér að réttur bænda til sjálfbærrar nýtingar hlunninda og eðlilegra varna gegn rándýrum og meindýrum verði ekki skertur við aðild að ESB.

Allt til okkar daga hefur íslenskur landbúnaður verið byggður upp á nýtingu náttúrugæða, ekki aðeins grasnytja heldur einnig veiði í vötnum, ám og sjó, nytjum fugla, fjöru og sjávar. Á sama hátt er rík hefð fyrir skipulegum aðgerðum til að halda náttúrulegum skaðvöldum, s.s. ref, mink og vissum fuglategundum, í skefjum. Nauðsynlegt er að tryggja að þessari aldalöngu hefð verði ekki raskað.

Íslenskum stjórnvöldum verði þannig áfram heimilt að skipuleggja og styrkja aðgerðir til að halda í skefjum villtum dýrum og fuglum sem valda tjóni í landbúnaði, s.s. ref, mink og öðrum dýrum sem sannanlega valda tjóni. Aðild að ESB skal heldur ekki raska hefðbundinni hlunnindanýtingu, s.s. selveiðum,

7

Eignar-réttarlegri stöðu bænda og landeigenda verði ekki raskað og aðgengi að góðu ræktunarlandi tryggt

Varnarlínan felur í sér að eignarréttarlegri stöðu bænda og landeigenda verði ekki raskað. Tryggt verði að fjármagn, ótengt landbúnaði raski ekki aðstöðu til framleiðslu landbúnaðarafurða.

Aðildarsamningur má ekki valda því að gerðir ESB raski réttindum landeigenda til ráðstöfunar og nýtingar jarða sinna umfram það sem íslensk stjórnvöld kjósa, óháð aðild.

Algert grundvallaratriði er að stjórnvöld geti óhindrað stjórnað fyrirkomulagi mála sem tengjast þessari varnarlínu með innlendri löggjöf eins og t.d. varðandi veiðifélög, sbr. lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Það er einnig grundvallaratriði að íslensk stjórnvöld geti viðhaldið og breytt jarða- og ábúðarlögum eins og hagfelldast þykir hér innanlands hverju sinni.

Tryggt verði með varanlegum hætti í aðildarsamningi að landbúnaðarland tiltekkinnar gerðar megi ekki taka til annarra nota, enda sé það vilji stjórnvalda á hverjum tíma. Landbúnaðarland hérlendis er takmörkuð auðlind sem nauðsynlegt er að komið verði í veg fyrir að tekin verði til annarra og ótengdra nota svo tryggja megi fæðuöryggi landsins.

Meginniðurstöður

Komi til aðildar skal tryggt með varanlegum ákvæðum í aðildarsamningi að gerðir ESB megi ekki raska réttindum landeigenda til ráðstöfunar og nýtingar jarða sinna umfram það sem íslensk stjórnvöld kjósa. Jafnfram skulu stjórnvöld hafa fullt svigrúm til að skilgreina landsvæði sem landbúnaðarland sem ekki megi taka til annarra nota.

^[1] Útgafandi: Bændasamtök Íslands, ágúst 2011. Umbrot: Hörður Kristbjörnsson. Umsjón: Útgáfu- og kynningarsvið og félagssvið BÍ